



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Reglur um garðslátt fyrir eldri borgara (70+) og öryrkja

1.gr.

Réttur til garðsláttar

Rétt til garðsláttar eiga ellilífeyrisþegar, 70 ára og eldri, og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Snæfellsbæ. Þeir skulu hafa fasta búsetu í eign sinni og ekki geta hirt lóðir sínar hjálparlaust.

Þjónustan er eingöngu veitt þar sem allir heimilismenn eru ellilífeyris- og/eða örorkulífeyrisþegar.

Þjónustan er ekki veitt þar sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri geta annast slátt.

2.gr.

Umsóknir og umsjón

Umsóknir um garðslátt skulu berast Tæknideild Snæfellsbæjar á eyðublöðum sem þar fást eða á tölvupósti á netfangið snb@snb.is.

Tæknideild Snæfellsbæjar ber ábyrgð á meðferð og afgreiðslu umsókna um þjónustu. Skipulag og framkvæmd þjónustunnar er á höndum tæknideildar og Áhaldahúss Snæfellsbæjar.

Ekki verður farið inn á lóðir til að slá nema umsókn liggi fyrir.

3.gr.

Fjöldi sláttar og stærð lóða

Þjónustuþegar geta óskað eftir slætti þrisvar sinnum yfir sumarið, að meðaltali einu sinni í mánuði á tímabilinu júní – ágúst ár hvert, allt eftir samkomulagi og stöðu mannafla hjá sveitarfélaginu.

Þjónustan felst í því að grasflatir innan skilgreindra lóðamarka eru slegnar og gras hirt og fjarlæggt. Ekki er boðið upp á áburðagiöf, beðahreinsun eða önnur garðyrkjustörf. Grasflatir skulu vera aðgengilegar fyrir slátt.

Einungis er slegið þegar um er að ræða einbýlishús, parhús eða raðhús. Eigandi á ekki rétt á garðslætti ef atvinnurekstur er í húsinu.

Samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar 10. apríl 2025

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

